

Tvíburabróðir (Sinus pil)

Skurðaðgerð er framkvæmd þegar sýking myndast í háarsekk rétt fyrir ofan rassskoru. Í aðgerðinni er húð og húðfita á sýkta svæðinu skorð í burtu.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir deyfingu eða svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahótelu ef þörf er á.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér slopp og affþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Fara þarf í **sturtu** heima að morgni aðgerðardags. Ekki má bera krem á líkamann eftir sturtuna og fjarlægja þarf skartgrip, andlitsfarða og naglalakk.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega.

Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Aðgerðin er gerð í staðdeyfingu eða svæfingu og getur tekið um 30–40 mínútur. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild. Útskrift er áætluð nokkrum klukkustundum eftir aðgerð en í einstaka tilfellum þarf þó innlögn yfir nótt á legudeild.

<p>Eftir aðgerð:</p> <ul style="list-style-type: none"> • verkjalyf gefin eftir þörfum • létt máltíð fyrir heimferð • þvaglosun nauðsynleg fyrir útskrift 	<p>Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá:</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskriftarfræðslu • rafrænan lyfseðill fyrir lyfjum ef með þarf • endurkomutíma hjá lækni
---	---

Útskrift

Verkir

Verkir geta verið á skurðsvæði fyrstu dagana eftir aðgerð. Mikilvægt er að verkir hindri ekki hreyfingu. Ef þeir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, samkvæmt leiðbeiningum. Smám saman er dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Skurðsár

Skurðsár er ýmist með saumum eða skilið eftir opið (án sauma). Ekki má fara í baðkar eða sund fyrr en sárið er gróið.

- Skurðsár opið án sauma:** Mikilvægt er að skola sárið í sturtu daglega. Daginn eftir aðgerðina þarf því að fara í sturtu, fjarlægja grisju sem er ofan í skurðsári, láta volgt vatn renna yfir það og þerra varlega með hreinu, mjúku handklæði. Búast má við að vessi úr sárinu fyrstu dagana eftir aðgerðina. Hægt er að kaupa grisjur í apótekum til að setja við sárið. Gott að klæðast þröngum nærfatnaði til að styðja við umbúðirnar.
- Skurðsár lokað með saumum:** Fara má í sturtu daginn eftir aðgerð en mikilvægt er að hylja sárið þannig að það blotni ekki (t.d. líma plastpoka yfir). Ekki má hreyfa við umbúðum sem eru festar með saumum. Þær verða fjarlægðar ásamt saumum í endurkomutíma. Forðast ber alla óþarfa snertingu við sár.

Mataræði

Ekki er þörf á að breyta mataræði vegna aðgerðar. Gott er að borða trefjaríka fæðu til að minnka hættu á hægðatregðu, svo sem ávexti, grænmeti og gróft brauð. Ef það dugar ekki er gott að drekka glas af sveskjusafa einu sinni til tvisvar á dag.

Hreyfing

Ekki má liggja á baki fyrst um sinn til að forðast þrýsting á skurðsár. Forðast þarf áreynslu og að lyfta lyfta þungu í um 2 vikur eftir aðgerð eða samkvæmt fyrirmælum læknis. Ekki er ráðlagt að stunda æfingar eða íþróttir í a.m.k. 3 vikur eftir aðgerð.

Vinna

Vinnu má hefja í samráði við lækni. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingar á gjaldskrá Landspítala.

Hafa skal samband við dagdeild 13D ef:

- verkir minnka ekki við verkjalyf
- hiti er hærri en 38,5 °C
- roði, bólga eða gröftur sést við skurðsár

Dagdeild 13D er opin virka daga kl. 7 til 19, sími 543 7480. Utan þess tíma má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543 1000 og biðja um samband við vakthafandi deildarlækni á skurðlækningasviði á Hringbraut.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahúsins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
JANÚAR 2015
SKURÐ-364

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR SKURÐLÆKNINGAEILDAR
OG DEILDARSTJÓRI 12G OG 13D

HÖNNUN:

KYNNINGARMÁL LSH/ÁJC